

**72** Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um lántökuleyfi handa Helgastaða-  
28. maí prestakalli til hússbyggingar. — Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður, og yð-  
ar, herra biskup, í þóknanlegu brjefi 19. p. m., vil jeg hjer með veita samþykki  
mitt til þess, að presturinn að Helgastöðum í Suður-Þingeyjarprófastsdæmi, síra  
Helgi Pjetur Hjálmarsson, taki 2500 króna embættislán handa prestakallinu,  
til þess að koma upp á prestssetrinu, í stað hinna gömlu bæjarhúsa, er sum  
brunnu í eldsvoða 21. febr. þ. á., en sum eru orðin mjög hrörleg, vönduðu  
timburhúsi tvíloptuðu með múruðum kjallara undir og sje húsið eigi minna að  
flatarmáli en  $11 \times 10$  álnir, með haganlegri herbergjaskipun, eptir því sem  
prófasturinn í Suður-Þingeyjarprófastsdæmi samþykkir. Enn fremur er þetta  
lántökuleyfi mitt þeim skilyrðum bundið, að lánið verði endurborgað af tekjum  
prestakallsins á 25 árum í lengsta lagi með jöfnum árlegum greiðslum, auk  
vaxta, að sannað verði á fulltryggjandi hátt, að húsið sje að öllu traust og vel  
vandað, að húsið með nauðsynlegum ofnum, eldavjel og innanbyggingu, verði  
eign stadarins, að presturinn haldi húsinu váttryggðu undir eptirliti prófasts fyrir  
2500 krónum að minnsta kosti, og að presturinn eða dánarbú hans skili húsinu  
við burtför hans eða fráfall í góðu og gildu standi eða með fullu álagi.

Þetta er hinum heiðruðu stiptsyfirvöldum hjer með þjónustusamlega til  
vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að því við-  
bættu, að hið umbeðna lán getur eigi fengizt úr landssjóði, vegna þess, að pen-  
ingaforði hans er eigi meiri en svo, að líklegt er, að hann gjöri eigi betur en  
hrökkva til lögboðinna fjárgreiðslna.

**73** Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um lántökuleyfi handa Höfðapresta-  
1. júní kalli á Höfðaströnd til hússbyggingar. — Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður,  
ur, og yðar, herra biskup, í þóknanlegu brjefi, dagsettu 28. p. m., vil jeg hjer  
með veita samþykki mitt til þess, að presturinn að Höfða á Höfðaströnd, síra  
Pálmi Þóróddsson, taki 1600 kr. embættislán, sem eigi getur fengizt úr lands-  
sjóði, handa prestakallinu, til þess að koma upp á prestssetrinu í stað hinna  
gömlu bæjarhúsa, er komin eru að falli, vönduðu húsi einloptuðu, með gaffi og  
hliðvegg gegn norðri og austri úr torfi, en að öðru leyti úr timbri, og sje húsið  
eigi minna að flatarmáli, en  $14 \times 9$  álnir, með 1 álnar »porti« að minnsta kosti,  
og haganlegri herbergjaskipun, eptir því sem prófasturinn í Skagafjarðarpró-  
fastsdæmi samþykkir; svo sje undir húsinu múraður kjallari,  $8 \times 6$  áln. að  
flatarmáli að minnsta kosti. Enn fremur er þetta lántökuleyfi mitt þeim skil-  
yrðum bundið, að lánið verði endurborgað af tekjum prestakallsins á 20 árum  
samfleytt með 80 krónum á ári, auk vaxta, að sannað verði á fulltryggjandi hátt,  
að húsið sje að öllu traust og vel vandað, að húsið með ofni, eldavjel og innan-  
byggingu verði eign stadarins, að presturinn haldi húsinu váttryggðu undir eptir-  
liti prófasts fyrir 1600 krónum að minnsta kosti, og að presturinn eða dánarbú  
hans skili húsinu við burtför eða fráfall hans í góðu og gildu standi eða með  
fullu álagi.

Þetta er hinum heiðruðu stiptsyfirvöldum hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

73  
1. júní

## Sýslumaðurinn í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 69

**Gjörir kunnugt:** Samkvæmt heimild í lögum nr. 18, 22. maí 1890, 6. gr., hefur sýslunefndin í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu sett svo hljóðandi:

### Reglur

um hreinsun hunda í sýslunni.

(Niðurl.)

Í sólarhring á að loka hundinn inni, og má hann alls engan mat eða drykk fá á meðan, síðan skal gefa hundinum inn 8 gröm af arekaduþti, hrærðu saman við eitthvað, sem hundurinn jetur t. d. mjólk, en duptið getur hver hund-eigandi fengið ókeypis hjá hlutaðeigandi hreppsnefnd. Vanalega fær hundurinn klýju á eptir, en það verður að reyna að koma í veg fyrir, að hann selji upp fyrsta hálfu klukkutímann á eptir, með því að hafa af fyrir honum, vekja hug hans á einhverju, láta vel að honum, eða, ef það eigi dugar, þá að gjöra hann sneypant o. s. frv.

Eptir  $\frac{1}{2}$ —3 klukkutíma gengur ormurinn niður af hundinum. Meðan meðalið er að verka, ætti hundurinn að vera í einhverju útihúsi. Það, sem gengur niður af hundinum, á að grafa niður, að minnsta kosti 2 fet og hylja vandlega yfir.

6. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum frá 1—10 kr., er renni að helmingi til uppljóstrarmanns, en að helmingi í hlutaðeigandi sveitarsjóð.

7. gr.

Reglur þessar ganga í gildi 20. maí 1896, og birtast hjer með hlutað-eigendum til eptirbreytni.

Skrifstofu Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, Stykkishólmi 4. apríl 1896.

Undir mín hönd og embættisinnsgli.

*Lárus Bjarnason.*

## Reikningur

74

yfir tekjur og gjöld Thorkillii-barnaskólasjóðs 1895.

Tekjur.

1. Eptirstöðvar við árslok 1894:

a. Innritunarskirteini Litr. A. Fol. 87 . . . . .	28500	00
b. Skuldabryjef . . . . .	39120	39
c. Ógoldnir vextir frá árinu 1894 . . . . .	88	00
d. Í landsbankanum . . . . .	538	83
e. Í peningum . . . . .	14	87
		<hr/>
		68262 09
	Flyt	68262 09